



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ársskýrsla
Náttúrustofu Austurlands
2003

Texti: Berglind Steina Ingvarsdóttir, Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Berglind Steina Ingvarsdóttir og Skarphéðinn Þórisson.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hlutverk	2
Stjórn.....	2
Störf stjórnar.....	2
Starfsfólk.....	3
Hreindýrarannsóknir.....	4
Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun.....	4
Dreifing hreindýra á öllum árstímum.....	4
Upplýsingum safnað úr veiðinni.....	5
Erlent samstarf.....	5
Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni	5
Veiðikvóti og stofnlíkan.....	6
Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti	6
Hreindýr og skógur.....	6
Fuglarannsóknir.....	7
Samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands.....	7
Fuglatalningar á leirum.....	7
Gæsarannsóknir.....	7
Bjargdúfurannsóknir.....	7
Gróðurrannsóknir.....	7
Hreindýrabeit í Sandvík.....	8
Gróður í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði.....	8
Umhverfisarannsóknir vegna framkvæmda.....	8
Friðlýst svæði.....	9
Fólkvangur Neskaupstaðar	9
Hólmanes, fólkvangur og friðland.....	9
Umhverfismál sveitarfélaga	10
Ofanflóð.....	10
Fræðslustarfsemi.....	10
Náttúrugripasafnið.....	10
Vettvangsferðir	11
Skólar	11
Greiningar náttúrugripa.....	12
Heimasíða	12
Nemendaverkefni.....	12
Verkefni sem stöðugt er unnið að	13
Samstarf við aðrar stofnanir	13
Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.....	13
Aðrar náttúrustofur.....	14
Búlandið.....	14
Ýmsir samstarfsaðilar og viðskiptavinir.....	15
Þakkarorð.....	15
Skýrslur og fræðsluefni.....	16

Inngangur

Árið 2003 var níunda starfsár Náttúrustofu Austurlands. Starfsemi Náttúrustofunnar var með svipuðu sniði og fyrr. Unnið var að fjölbreyttum verkefnum víðs vegar um Austurland og utan þess. Eins og undanfarin ár er Náttúrustofa Austurlands með höfuðstöðvar í Neskaupstað en útibú er á Egilsstöðum. Forstöðumaður er í Neskaupstað og þar er rannsóknastofa og bókasafn stofunnar. Í Neskaupstað er Náttúrustofan í sambýli við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands. Útibúið á Egilsstöðum er í húsnæði hjá Skógrækt ríkisins. Starfsemin á Egilsstöðum snýst fyrst og fremst um hreindýr en einnig er unnið þar að fuglarannsóknum og fræðsluverkefnum. Í Neskaupstað er unnið að margvíslegum verkefnum svo sem gróðurannsóknunum, fuglarannsóknunum, kortagerð, verkefnum tengdum Staðardagskrá 21, ofanflóðaánnálum, fræðsluverkefnum, umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, fólkvanginum í Neskaupstað og Hólmanesfólkvangi.

Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands er birtur í sérstakri skýrslu.

Hlutverk

Helstu hlutverk náttúrustofu samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (60/1992) með síðari breytingum eru:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf,
- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknunum og sjá um náttúruvöktun að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila, að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.

Ennfremur er hlutverk Náttúrustofu Austurlands skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (64/1994) með síðari breytingum:

- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Stjórn

Samkvæmt lögum skal rekstrarsveitarfélag skipa þriggja manna stjórn náttúrustofunnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Ný stjórn var skipuð sumarið 2002 í kjölfar breytinga á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og sveitarstjórnakosninga. Í stjórn sitja nú: Líneik Anna Sævarsdóttir formaður, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Varamenn eru Einar Þórarinnsson, Hákon Viðarsson og Böðvar Þórisson.

Störf stjórnar

Á árinu 2003 voru haldnir 4 stjórnarfundir, þar af einn símafundur. Fundargerðir voru lagðar fram jafn óðum á fundum bæjarstjórnar Fjarðabyggðar eins og verið hefur frá upphafi. Helstu mál sem fjallað var um árið 2003 voru:

- Stjórnsýsluleg staða náttúrustofa eftir lagabreytingu 2002
- Kjarasamningar starfsfólks



Maríuvöttur (Alchemilla faröensis) ein af einkennisjurtum Austurlands

- Fjárhagsáætlun
- Ársreikningur
- Verkefnastaða
- Starfsmannamál
- Aðild fleiri sveitarfélaga að rekstri stofunnar

Milli stjórnarfunda ber forstöðumaður gjarnan álitamál undir formann stjórnar og aðra stjórnarmenn og fær hjá þeim upplýsingar og ráðgjöf.

Starfsfólk

Guðrún A. Jónsdóttir gróðurvistfræðingur er forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands. Hún sér um daglegan rekstur, fjármálastjórn, starfsmannamál, áætlanagerð, verksamninga og gróðurannsóknir.



Guðrún A. Jónsdóttir, Berglind Steina Ingvarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir búast til gróðurkortlagningar í Hofsjárdal í júlí 2003.

Kristín Ágústsdóttir landfræðingur kom til starfa í janúar eftir barnsburðarleyfi. Hún var í hálfu starfi til hausts 2003 en eftir það í 75 % starfi. Helstu verkefni Kristínar voru gróðurkortagerð, umsjón með bæklingaútgáfu og heimasíðu Náttúrustofunnar og verkefni um byggingarár húsa á Fáskrúðsfirði í tengslum við mat á ofanflóðahættu þar. Auk þess sinnti hún Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð.

Magnús Björnsson líffræðingur sem leysti Kristínu af í barnsburðarleyfinu lét af störfum 1. maí. Verkefni hans var fyrst og fremst Staðardagskrá 21, fyrir Fjarðabyggð og Austur-Hérað, og umsjón með heimasíðu Náttúrustofunnar.



Berglind Steina Ingvarsdóttir við gróðurkortlagningu í Vopnafirði sumarið 2003.

Berglind Steina Ingvarsdóttir líffræðingur starfaði hjá Náttúrustofunni allt árið 2003. Aðalstarf Berglindar var umsjón með Náttúrugripasafninu. Auk þess sinnti hún ýmsum verkefnum sem tengjast fræðslumálum, skólaheimsóknnum og fuglarannsóknnum og fréttum á heimasíðunni. Þá sá Berglind um að taka við, skrá og greina gripi sem almenningur kom með.

Skarphéðinn G. Þórisson starfaði hjá Náttúrustofunni allt árið 2003. Aðalstarf hans var vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Skarphéðinn sér um áætlanagerð og samninga vegna hreindýrarannsókna og sinnir samskiptum við stofnanir og einstaklinga sem tengjast hreindýrum. Hann vinnur einnig að fuglarannsóknnum og ýmsum fræðsluverkefnum.

Halldór Walter Stefánsson fuglarannsóknamaður hefur unnið fyrir Náttúrustofuna að ýmsum verkefnum en þó einkum fuglarannsóknnum. Halldór vinnur sjálfstætt og var í um 50 % starfi árið 2003.



Halldór Walter Stefánsson og Hjalti Stefánsson kvikmyndatökumaður Sjónvarps í leiðangri á Vesturöræfum í maí 2003.

Berglind Guðmundsdóttir líffræðingur var sumarstarfsmaður 2003. Hún vann aðallega að rannsókn á hníslum í hreindýrum en sinnti einnig ýmsum störfum sem til féllu hjá Náttúrustofunni sumarið 2003.

Þrátt fyrir þessa verkaskiptinu og sérhæfingu starfsmanna ganga allir starfsmenn í þau verk sem vinna þarf hverju sinni. Þannig eru flest verkefni unnin af fleiri en einum starfsmanni og oftast koma allir sérfræðingar stofunnar að þeim á einn eða annan hátt. Bókhald og endurskoðun Náttúrustofunnar hefur undanfarin ár verið unnið af stafsmönnum Deloitte & Touche. Það eru einkum *Ína D. Gísladóttir* og *Puríður Jónsdóttir* sem hafa haft af því veg og vanda.

Hreindýrarannsóknir

Verkefnum vegna hreindýra má skipta í eftirfarandi:

- ?? vöktun stofnsins
 - upplýsingasöfnun um hagagöngu á öllum árstímum
 - vetrartalning í mars
 - sumartalning í júlí
 - frjósemi og dánartíðni í apríl
 - -aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma
- ?? gagnasöfnun
- ?? tímabundnar rannsóknir vegna áhrifa ýmissa framkvæmda
- ?? grundvallarrannsóknir í skemmri eða lengri tíma t.d. á beit og sníkjudýrum
- ?? mat á ágangi hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og arðsútreikningar
- ?? gerð tillagna um veiðikvóta, ágangssvæði og skynsamlegan framgang veiðanna.
- ?? fræðslu og söfnun heimilda um hreindýr á Íslandi.



Kýr og kálfur á Fljótsdalsheiði 10. september 2003

Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun

Enn á eftir að vinna úr ýmsum upplýsingum sem safnast hafa um hreindýrastofninn, einkum síðustu 30 árin. Stöðugt er unnið að því að safna saman og koma fyrir á aðgengilegan máta öllu sem skrifað er og hefur verið skrifað um hreindýr á Íslandi. Á árinu voru unnin drög að skrá yfir ískenksar heimildir um hreindýr. Náttúrufræðistofnun lét stofunni góðfúslega í té heimildaskrá þeirra um íslensku hreindýrin. Skráin telur nú um

550 titla og er aðgengileg öllum á heimasíðu stofunnar. Farið var í gegnum öll gögn er vörðuðu hreindýr frá þeim tíma þegar þau heyrðu undir Menntamálaráðuneytið (fyrir 1990) og þau ljósrituð. Flokkun þeirra hófst á árinu.

Dreifing hreindýra á öllum árstímum.

Upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra á öllum árstímum er ein meginforsenda fyrir nýtingu stofnsins og aðal forsenda arðsúthlutunar. Náttúrustofan skipuleggur tvær talningar á ári, vetrartalningu í mars á öllu Austurlandi og talningu í júlíbyrjun á Snæfellsöræfum. Einnig er stöðug skráning í gangi í samvinnu við heimamenn. Efla þarf þessar rannsóknir og er vænst að mögulegt verði að hengja gps staðsetningartæki um háls dýra á svæðum þar sem upplýsingar um hagagöngu vantar.

Talningar 2003 heppnuðust sæmilega. Í vetrartalningu fundust 1476 hreindýr sem er um helmingi færri dýr en árið áður. Aðal skýring þess er að snjóleysi hamlaði víða talningu. Í sumartalningu á Snæfellsöræfum fundust 1849 dýr og langflest út á Fljótsdalsheiði. Talið var líklegt að um 400 dýr hefðu ekki fundist á Fljótsdals- og Fellaheiði.

Upplýsingum safnað úr veiðinni

Nauðsynlegt er að safna upplýsingum úr veiðinni til að fylgjast með líkamlegu ástandi hreindýranna, einkum nú er ýmsar athafnir manna þrengja að dýrunum. Veiðimenn skila inn upplýsingum sem Náttúrustofan vinnur síðan úr. Einnig skila þeir inn kjálkum sem nýtast m.a. við aldursgreiningu. Árið 2002 söfnuðust rúmlega 300 kjálkar af 435 eða úr 70% veiddra dýra. Haustið 2003 söfnuðust aðeins tæplega 284 kjálkar af 741 eða 38% sem er lélegt. Búið er að hreinsa þá og verða þunnar sneiðar framtanna notaðar til aldursgreiningar. Framtenu verða skornar og litaðar til aldursgreiningar af Karli Skírnisson sérfræðingi á Keldum í vetrarlok 2004.

Unnið var að úrvinnslu gagna úr veiðinni á árinu og er stefnt að því að skila skýrslu um það í ársbyrjun 2005 sem byggði þá á fjögurra ára söfnun.

Erlent samstarf

Reynt er að fylgjast með niðurstöðum hreindýrarannsóknanna annars staðar á norðurhveli. Æskilegt væri að efla samstarf og samskipti Náttúrustofu Austurlands við erlenda hreindýrasérfræðinga ekki síst við Norræna hreindýraráðið (Nodrisk organ för renforskning). Í árslok ákvað Umhverfisráðuneytið að kanna vilja Umhverfisstofnunar til að gerast aðili að NOR fyrir hönd Íslands. Ennfremur var tekið fram í umfjöllun ráðuneytisins að ef um aðild að NOR yrði að ræða tæki Náttúrustofan þátt í því starfi.

Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni

Einungis er hægt að sjá aldurs- og kynjahlutfall í hreindýrastofninum á fengitíma. Austurlandi er skipt niður í níu veiðisvæði og er nauðsynlegt að skoða þetta sem víðast. Niðurstöður þessara athugana eru forsendur úthlutunar veiðikvóta með tilliti til kyns.



Á fengitíma er aldurs- og kynjasamsetning stofnsins könnuð. Hópur í Klansturselsheiði þann 7. október 2003.

Stefnt er að því að hlutfallið sé svipað og gerist í stofnum sem ekki er veitt úr eða um 50% kýr, 30% tarfar og 20% kálfar að hausti. Eins og undanfarin ár var aldurs- og kynjahlutfall kannað víða á fengitíma í september og október. Árið 2003 var gerð tilraun með að notast meira við myndatöku

úr flugvél við athugun á aldri og kyni en áður hefur verið gert. Niðurstöður þess voru að þetta væri mjög góður kostur ef veðurskilyrði eru góð.

Í apríl er hægt að sjá hversu margar kýr bera um vorið. Nauðsynlegt er síðan að kanna hlutfall kálfa í stofninum á öllum árstímum. Niðurstöður þessa segja til um nýliðun. Skoðaðar voru 158 kýr á Fljótsdalshéraði í apríl 2003 og reyndust 85% þeirra vera kelfdar.

Veidikvóti og stofnlíkan

Náttúrustofa Austurlands vinnur tillögur að veiðikvóta fyrir Hreindýraráð. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 800 dýr árið 2003 sem var nokkur hækkun frá fyrra ári. Ástæða þess var einkum sú að dýrin reyndust nokkuð fleiri en talningar undanfarinna ára höfðu gefið til kynna.

Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti

Umhverfisstofnun sér um allt er lýtur að nýtingu hreindýranna og tók við því hlutverki af Hreindýraráði á árinu. Náttúrustofan var í góðu samstarfi við Karen Erlu Erlingsdóttur sem fer með þessi mál hjá Umhverfisstofnun. Fulltrúi Náttúrustofu Austurlands sat alla fundi Hreindýraráðs á árinu en ráðið er nú einungis ráðgefandi um hreindýramál. Umhverfisstofnun skipti arði af hreindýraveiðum á milli landeigenda og ábúenda á Austurlandi. Arðskiptingin fer að stórum hluta (60%) eftir ágangi hreindýra og er það hlutverk Náttúrustofunnar að meta hann. Töluverð vinna fór í samstarf Náttúrustofu og Umhverfisstofnunar í vetrarbyrjun 2003 vegna útreiknings á hreindýraráði. Samkvæmt reglugerð 486/2003 skal Náttúrustofan gera tillögu til Hreindýraráðs um ágangssvæði.



Hreindýraveiðar í Mýrum í nóvember 2003. Karen Erla Erlingsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Karl Skírnisson og Sigfús Þorsteinsson sem leitar að hreindýrum með fjarsjóni.

Náttúrustofan gerir einnig tillögur til Umhverfisstofnunar um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans á milli ágangssvæða.

Í nóvember og desember 2003 tók Náttúrustofan þátt í að fella 24 hreinkýr á Mýrum fyrir Umhverfisstofnun. Safnað var sýnum úr þeim í samvinnu við Karl Skírnisson á Keldum til að kanna heilbrigði dýranna. Með honum voru Vilhjálmur Svansson dýralæknir og Berglind Guðmundsdóttir líffræðingur. Reimar Ásgeirsson og Skúli Benediktsson voru skyttur og Sigfús Þorsteinsson til aðstoðar.

Karen Erla Erlingsdóttir hjá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunnar tók einnig þátt í veiðunum.

Hreindýr og skógur

Á síðustu árum hefur árekstrum hreindýra og skógarbænda fjölgað samhliða aukinni skógrækt, einkum á Héraði. Með tilkomu Austurlandsskógaverkefnisins sem nær yfir báðar Múlasýslurnar má búast við auknum árekstrum. Náttúrustofan fylgist með þessum árekstrum í góðu samstarfi við Héraðsskóga, Austurlandsskóga, Suðurlandsskóga og Skógrækt ríkisins. Auk þess er allra leiða leitað til að fyrirbyggja eða að draga úr áganginum.

Fuglarannsóknir

Samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands

Skógvíst er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skógræktarinnar og var þéttleiki fugla mældur í skógum á Fljótisdalshéraði. Einn starfsmaður Náttúrustofunnar tók þátt í þessari vinnu.

Náttúrustofan kom að fuglarannsóknum vegna veglínu á Melrakkaslétu með því að láta mann til verksins og einnig að rjúpnarannsóknum á Norðausturlandi. Þá var fuglalíf kannað við Gásir í Eyjafirði fyrir setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri.

Fuglatalningar á leirum

Lokið var við fuglatalningar á leirum í botni Fáskrúðsfjarðar og Berufjarðar fyrir Vegagerðina á Reyðarfirði en þær hófust 2001. Skýrsla er væntanleg í ársbyrjun 2004.

Gæsarannsóknir

Líkt og undanfarin áratug héldu hefðbundnar athuganir áfram árið 2003. Tíu grágæsavörp eru vöktuð á Úthéraði. Þá voru gæsir og álftir taldar á öllu Héraðinu í árlegri vortalningu.

Samhliða hreindýratalningu þann 12. júlí á Snæfellsöræfum voru heiðagæsir í sárum taldar á Eyjabökkum.

Bjargdúfurannsóknir

Rannsóknir á bjargdúfum hófust sumarið 2002. Markmið rannsóknarinnar var að efla þekkingu á dúfum á Austurlandi sem nýtast mun til að skera úr um hvort um villtan fuglastofn er að ræða. Varpútbreiðsla við Norðfjarðarflóa og Mjóafjörð, en þar er aðal varpstaður bjargdúfunnar, var rannsökuð og kortlögð. Rannsókninni var lokið árið 2003 og er lokaskýrsla væntanleg 2004.



Heiðagæs á Vesturöræfum 17. maí 2003.

Gróðurrannsóknir

Rannsóknir á gróðurfari og gróðurkortlagning hefur verið eitt af megin viðfangsefnum Náttúrustofu Austurlands. Hefur þar bæði verið um almenna gagnasöfnun að ræða en einnig þjónustuverkefni fyrir ýmsa. Árið 2002/2003 var unnið að nokkrum verkefnum á þessu sviði.



Sandvík

Hreindýrabeit í Sandvík

Árin 2003 voru rannsóknir á áhrifum hreindýrabeitar á gróðurfari í Sandvík sem staðið hafa undanfarin ár endurskoðaðar. Tilraunareitirnir sem girtir voru í Sandvík hafa reynt ótraustir og var unnið að því að útfæra rannsóknirnar á annan hátt. Mikilvægt er að koma einnig af stað rannsóknum á vetrarbeiti hreindýra.

Gróður í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði

Sumarið 2003 var unnið að gróðurkortlagningu í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði. Verkefnið er unnið fyrir Náttúrustofu Norðurlands vestra og er liður í að afla gagna um friðlýst svæði í Skagafirði. Úrvinnsla og kortagerð verður unnið árið 2004.

Umhverfisrannsóknir vegna framkvæmda

Á árinu 2003 var lífríki rannsakað á nokkrum stöðum vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Gerð úttekta var úttekta á gróðri og fuglalífi við Skarðsá, Skarðshrygg og Langadalsá á Fjöllum vegna undirbúnings nýs vegar frá Háreksstaðaleið að Vegaskarði. Einnig var gróður skoðaður við enda vegskála fyrirhugaðra jarðganga undir



Gullsteinbrjótur (Saxifraga aizoides) ein af einkennisjurtum Austurlands.

Almannaskarð og gróður var kannaður á vegarstæðum nýs vegar frá Steinkoti að Hofi í Vatnsdal í Húnavatnssýslu Vettvangsvinna var unnin vegna gróður og fuglalífsrannsókna á hugsanlegum vegarstæðum vegna nýs vegar frá Kinnarlandi og niður í Vopnafjörð. Vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði yfir Hólmaháls vann Náttúrustofan skýrslu um lífríki á svæðinu og lagði einnig mat á áhrif veglína á landslag og verndargildi Hólmahálsins. Auk þess voru fuglar taldir á leirum í Fáskrúðsfirði og Berufirði að beiðni Vegagerðarinnar.

Friðlýst svæði

Fólkvangur Neskaupstaðar

Náttúrustofan hefur fyrir hönd Fjarðabyggðar séð um eftirlit og gert tillögur um úrbætur í Fólkvanginum í Neskaupstað. Stofan sér um endurnýjun og endurbætur skilta og merkinga, að hefta útbreiðslu lúpínu og gera tillögur um endurnýjun göngustíga. Skilti voru endurnýjuð að hluta sumarið 2003, lúpínan var slegin og lítils háttar lagfæringar gerðar á stígum en þar þarf að gera mun betur því stígurinn er víða farin að vaðast mikið út.

Hólmanes, fólkvangur og friðland

Sumrin 2001, 2002, 2003 var gróður í Hólmanesfriðlandi og -fólkvangi kortlagður og tegundir skráðar. Fuglalíf í Hólmanesi var einnig kannað á árunum 2001 og 2002. Þá hefur Náttúrustofan tekið saman rannsóknir á jarðfræði Hólmanessins og safnað upplýsingum um sögu og menningarminjar á svæðinu. Þessar upplýsingar voru nýttar til þess að vinna veggspjöld um gróður, dýralíf, jarðfræði og sögu friðlýsingar fólkvangsins og friðlandsins.

Þau voru unnin vorið 2003 og sýnd í Náttúrugripasafninu í Neskaupstað sumarið 2003. Eintök af veggspjöldunum voru síðan gefin öllum grunnskólum í Fjarðabyggð.

Haustið 2003 var þess formlega minnst að 30 ár eru liðin frá friðlýsingu Hólmaness. Af því tilefni var opnaður fræðslustígur um svæðið. Náttúrustofa Austurlands sá um að gera fræðsluskilti og koma þeim fyrir ásamt því að stika gönguleið með hjálp góðra sjálfboðaliða og fólks úr atvinnuleysisátaki í Fjarðabyggð. Á afmælishátíðina mættu um 100 manns og var farin gönguferð í blíðskaparveðri um Hólmanesið en síðan safnast



Gönguferð um Hólmanesið 27. september 2003, í tilefni 30 ára afmælis friðlýsingar

saman í grunnskólanum á Eskifirði. Þar hafði verið komið fyrir veggspjöldum og myndum og öðrum fróðleik um Hólmanesið. Fjarðabyggð kostaði gagnasöfnun og vinnslu fræðsluefnis og afmælishátíðina og bauð uppá veitingar á sýningunni í grunnskólanum á Eskifirði. Á árinu 2004 er stefnt að því að gefa út upplýsingabækling um Hólmanesið.

Unnið er að því að Náttúrustofan taki formlega að sér umsjón með fólkvanginum og friðlandinu í Hólmanesi.

Umhverfismál sveitarfélaga

Frá því vorið 1999 hefur Náttúrustofa Austurlands unnið að verkefnum tengdum Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð. Á árinu 2003 var samþykkt Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð fylgt eftir. Í tengslum við það voru töluverð samskipti við umhverfisnefnd og embættismenn sveitarfélagsins. Reglulega er fundað með staðardagskrárnefnd og þegar ástæða þykir eru ályktanir og ábendingar sendar bæjarstjórn og bæjarráði. Vorið 2002 var gerður samningur milli Náttúrustofunnar og Austur-Héraðs um vinnu vegna Staðardagskrár 21. Verkefnið fól í sér söfnum upplýsinga um ástand valdra málaflokka í sveitarfélaginu og val á lykiltölum. Í framhaldi af því verða sett markmið um framtíðarþróun ákveðinna mála. Lykiltölum sem valdar verða er ætlað að meta árangur af staðadagskrárstarfinu á Héraði og stöðu mála þar samanborið við önnur sveitarfélög. Þarf að endurskoða þennan texta? Á árinu 2003 tóku starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í landsráðstefnu Staðardagskrár 21 sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri sl. vor fyrir hönd Fjarðabyggðar og Austur-Héraðs.

Ofanflóð

Náttúrustofan tók að sér í lok árs 2002 að ljúka við ofanflóðaannál fyrir Fáskrúðsfjörð. Verkefnið var unnið fyrir Veðurstofu Íslands og í framhaldi af því var unnið að húsasögu Fáskrúðsfjarðar á árinu 2003. Bæði verkefnin eru liður í gagnasöfnun Veðurstofunnar sem er grundvöllur að mati á ofanflóðahættu.

Fræðslustarfsemi

Náttúrugripasafnið

Sumarið 2003 var safnið opið alla daga frá kl. 13-17 á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst. Safnið var einnig opið fyrir skóla og aðra hópa utan venjulegs opnunartíma þegar þess var óskað. Fjöldi sýningargesta á árinu 2003 var 851 og er það töluverð fækkun frá 2002 þegar gestir voru 1068. Á sumaropnunartíma 2003 voru sýningargestir 672. Utan venjulegs opnunartíma var gestafjöldi 145 að vori og 34 að hausti. Útlendingar voru um 130 og Íslendingar því um 720.



Ungir vísindamenn í náttúrugripasafninu

Hambjalla kom upp í safninu veturinn 2002-2003 og var ráðist í eyðingu hennar snemma árs 2003. Öllum safngripum var þá komið fyrir í frystigám og þeir hafðir í frosti í viku. Að auki var fenginn meindýraeyðir í tvígang til að eitra í húsínu.

Fyrir sumaropnun 2003 var sett upp ný tímabundin sýning í stað hreindýrasýningarinnar sem var uppi sumarið 2002. Að þessu sinni var friðland og fólkvangur í Hólmanesi tekið



Gömul fótstigin Singer saumavél sem var í eigu Sigmundar Stefánssonar skósmíðs.

fyrir. Gerð voru veggspjöld með ljósmyndum, gróður- og jarðfræðikorti, ásamt upplýsingum um náttúrufar. Keypt var sjónvarp og myndbandstæki og gafst safngestum kostur á að horfa á myndbrot úr ýmsum myndum um austfirsku náttúru.

Náttúrugripasafnið er til húsa að Miðstræti 1 en húsnæðið var gefið til safnastarfs árið 1988 af Sigrúnu, Jóhanni og Valgeiri Sigmundarbörnum. Í viðbygginu er skósmíðastofa sem fjölskyldan starfrækti en hefur staðið óhreyfð að mestu frá 1989 þegar starfsemi var þar hætt.

Náttúrustofan fékk vorið 2003 styrk frá Menningarráði Austurlands til að opna skósmíðastofuna til sýningar fyrir almenning. Safnstjóri vann að undirbúningsvinnu og var stofan opnuð almenningi 17. júní. Sett voru upp upplýsingar um sögu stofunnar og merkingar á helstu tæki og tól sem þar er að finna. Safnvörður Náttúrugripa-safnsins sá einnig um opnun Skósmíðastofunnar.

Vettvangsferðir

Á kosningadag 2003 efndu Ferðafélag fjarðamanna og Náttúrustofan til fugla- skoðunar á Reyðarfirði og í Neskaupstað. Á báðum stöðunum var fuglaskoðunin á leirunum í botni fjarðanna og næsta nágrenni. Veður var kalt en þó mættu samtals ríflega 50 manns í fuglaskoðun. Starfsmenn



Guðmundur Bjarnason þegarstjóri í Fjarðabyggð skoðar fugla á kosningadag í maí 2003.

Náttúrustofu Austurlands fræddu viðstadda um fuglalífið, Halldór Walter Stefánsson á Reyðarfirði og Skarphédinn G. Þórisson og Berglind Steina Ingvarsdóttir í Neskaupstað.

Plöntuskoðunarferð var farin 12. júlí í Hólmanes og stóðu Náttúrustofan og Ferðafélag fjarðamanna einnig að henni. Veður var slæmt og mæting því fremur lítil en ferðin tókst engu að síður mjög vel. Gengið var um fjölbreytileg gróðurlendi og tegundasamsetning þeirra skoðuð og fundust allmargar sjaldgæfar tegundir. Leiðsögumaður var Guðrún Á. Jónsdóttir forstöðumaður Náttúrustofunnar

Skólar

Árlega kemur 10. bekkur Nesskóla í starfskynningu á Náttúrustofuna og vinnur að margvíslegum verkefnum. Nemendur Verkmenntaskóla Austurlands leita talsvert til stofunnar vegna ýmis konar verkefna. Þá hafa sérfræðingar stofunnar verið með gestafyrirlestra og tekið þátt í vettvangsferðum skólanna. Fyrirlestrar um hreindýr og fugla voru haldnir nokkrum sinnum fyrir skólanema. Þá var haldinn fyrirlestur um notkun loftmynda, bæði í starfi Náttúrustofunnar og almennt, fyrir nema í Verkmenntaskóla Austurlands. Fræðsluefni sem unnið var um Hólmanes sumarið 2003 var sent til skólanna í Fjarðabyggð til fróðleiks.

Greiningar náttúrugripa

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með skordýr, steina, plöntur eða aðra náttúrugripa á Náttúrustofuna. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einskis ófreistaðs til að greiða úr þeim. Náttúrugripir sem starfsfólk getur ekki greint er komið til annarra sérfræðinga. Þeir sem koma með gripi geta að sjálfsögðu fengið þá aftur þegar þeir hafa verið greindir en annars tekur Náttúrustofan fúslega við a.m.k. því sem á einhvern hátt telst sérstætt fyrir Austurland.

Heimasíða

Heimasíða Náttúrustofu Austurlands (www.na.is) var endurbætt mikið á árinu 2003. Fréttahornið var endurbætt og ýmsar upplýsingar endurnýjaðar. Þá eru frá því í árslok 2003 allar skýrslur Náttúrustofunnar aðgengilegar á vefnum. Starfsmenn Náttúrustofunnar sjá um heimasíðuna og áttu Berglind Steina Ingvarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir þar drýgstan hlut.

Nemendaverkefni

Sumarið 2003 vann Berglind Guðmundsdóttir meistaranemi í líffræði við Náttúrustofu



Berglind Guðmundsdóttir ásamt aðstoðarmanni tína hreindýraspörð undir Vindhálsi sumarið 2003

Austurlands: Hún kannaði sníkjudýr í hreindýrskálfum undir leiðsögn Karls Skírnissonar á Keldum og Skarphéðins G. Þórissonar á Náttúrustofu Austurlands. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og Hreindýraráði (Umhverfisstofnun). Það var eitt af fjórum verkefnum sem tilnefnt var til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands af 161 verkefni sem sjóðurinn styrkti sumarið 2003. Það var auðvitað mikill heiður fyrir Berglindi og aðstandendur verkefnisins að lenda í þessum hópi þó verðlaunin féllu henni ekki í skaut á Bessastöðum þann 15. janúar 2004.

Verkefnið fólst í því að rannsaka sníkjudýr í hreindýrskálfum sem héldu til á Heinabergsdal á Mýrum, á Gerpissvæðinu og á Snæfellsöræfum. Spörðum hreindýrskálfa var safnað í þremur sýnatökufurðum á hvert þessara þriggja svæða og síðan leitað í sýnunum að sníkjudýrum sem lifa í meltingarvegi hreindýra. Þegar leið á sumarið tóku að finnast egg þráðorma og bandorms, svonefnds mjólkurmadks, sem einnig sníkja í meltingarvegi sauðfjár hér á landi. Þá voru hreindýrskálfarnir á Mýrum og á Gerpissvæðinu einnig smitaðir af þráðormi af ættkvíslinni *Capillaria*. Þar er hugsanlega um sérstakt hreindýrasníkjudyrd að ræða því tegundin hefur ekki fundist í sauðfé hér á landi enn sem komið er.

Vísindalega séð vakti þó mesta athygli fundur tveggja tegunda sníkjudýra af ættkvíslinni *Eimeria*. Um er að ræða hýsilsérhæfða einfrumunga sem kallaðir eru hníslar en fjölmargar slíkar tegundir eru þekktar í öðrum dýrum hér á landi, sumar hverjar illræmdir sjúkdómsvaldar. Annar hreindýrahnísillinn líkist um margt tegund sem lýst var árið 1936 í Rússlandi en hinni tegundinni hefur enn sem komið er ekki verið lýst í vísindaheiminum þannig að þar er á ferðinni áður óþekkt tegund. Unnið er um þessar mundir að því að lýsa báðum þessum tegundunum. Talið er að hníslarnir hafi verið í hreindýrunum sem hingað voru flutt frá Finnmörku í lok 18. aldar og að þeir hafi viðhaldist í íslenska stofninum allar götur síðan.



Séð yfir Barðnesið inn Hellisfjörð, Norðfjörð og Mjóafjörð.

Verkefni sem stöðugt er unnið að

Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands er verkefni sem stöðugt er unnið að. Bókasafn Náttúrustofunnar er enn lítið og vanbúið en vex þó árlega um nokkur eintök. Brýnt er að skrá safnið og skipuleggja það þannig að það nýtist sem best. Fyrir utan að efla bókasafnið er orðin mikil þörf á að skrá í gagnagrunn upplýsingar um náttúru Austurlands og gera slíkt gagnasafn aðgengilegt almenningi.

Náttúrustofan sinnir ýmiskonar ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Þetta er í ýmsu formi t.d. óformleg símtöl, viðræður, minnisblöð eða jafnvel lengri álitserðir. Einnig er oft leitað eftir umsögnum um frumvörp, þingsályktunartillögur eða mál sem til umfjöllunar eru hjá ýmsum stofnunum.

Samstarf við aðrar stofnanir

Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur starfa samkvæmt sömu lögum og skal m.a. boða forstöðumenn náttúrustofa til ársfundar Náttúrufræðistofnunar til að greina frá

niðurstöðum rannsókna og samræma starfsemina. Slíkur fundur var haldinn á Selfossi í október 2003. Þar var m.a. sérstaklega til umræðu samstarf náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lagt var til á fundinum að stofnuð yrði samráðsnefnd þessara aðila til að fara yfir hvaða möguleikar eru til að efla samskipti og samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa.

Í samningum rekstrarsveitarfélaga segir að Umhverfisráðuneytið skal funda reglubundið með forstöðumönnum og formönnum stjórna náttúrustofa of fulltrúum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar en þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Boða skal til fyrsta fundar á árinu 2003 þar sem farið er yfir þau verkefni sem ofangreindar stofnanirnar hafa falið náttúrustofum á grundvelli d- og e-liðar 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og samstarf þessara stofnana eins og getið er um í 9. gr. sömu laga“.



Alfíamerkingar á Jökuldalsbeiði 20. ágúst 2003. Bretinn Richard Heskestad kemur með álfir til merkingar.

Fyrsti fundur skv. þessu ákvæði var haldinn 20. nóvember 2003 í Reykjavík og sóttu hann forstöðumenn og formenn stjórna náttúrustofanna, forstjóri og tveir fulltrúar Náttúrufræðistofnunar og tveir fulltrúar Umhverfisstofnunar ásamt fjórum starfsmönnum Umhverfisráðuneytisins.

Á fundinum var ákveðið að skipa tvo samráðshópa til að fara yfir samstarfsmöguleika, annan með fulltrúum Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa og hinn með fulltrúum náttúrustofa og

Umhverfisstofnunar. Náttúrustofa Austurlands væntir þess að aukið samstarf á formi upplýsingastreymis, faglegra samskipta og formlegra samstarfsverkefna verði viðkomandi aðilum til hagsbóta.

Aðrar náttúrustofur

Árið 2003 höfðu alls sjö náttúrustofur tekið til starfa víðs vegar um landið. Samstarf þessara stofa hefur verið að þróast smám saman eftir því sem fleiri hafa bæst í hópinn og starfsemi þeirra eflst. Vorið 2002 var ákveðið að stofna til formlegs samstarfs náttúrustofa og var stofnfundur haldinn og fyrsti aðalfundur var síðan haldinn í mars 2003. Þar voru skipaðar nefndir til að fjalla um ýmis mál svo sem samstarf við innlendar og erlendar fagstofnanir. Markmið samtakanna er að vera vettvangur faglegs samstarfs um rannsóknir, auka tengsl náttúrustofa við innlendar og erlendar fagstofnanir og skiptast á skoðunum.

Búlandið

Þegar Náttúrustofan og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fluttu í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands vorið 1999 varð til vísir að fræðasetri sem hefur síðan verið að þróast. Árið 2003 var ákveðið að nefna þetta fræðasetur Búland. Starfsfólk stofnana í Búlandinu stofnaði formlegt starfsmannafélag sem hefur á stefnuskrá að standa fyrir fræðslu og skemmtun fyrir félagsmenn og fór það vel af stað.

Ýmsir samstarfsaðilar og viðskiptavinir

Náttúrustofan átti árið 2003 samstarf við ýmis fyrirtæki og stofnanir auk þeirra sem fyrir eru nefndar. Náttúrustofan vann verkefni fyrir marga og má þar nefna: Fræðslunet Austurlands, Fjarðabyggð, Austur-Hérað, Vegagerðina, Verkfræðistofuna Hönnun, Náttúrustofu norðurlands vestra, Veðurstofuna o.fl. Einnig var unnið að rannsóknum með Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Norðurlands vestra og samstarf var við Héraðsskóga, Skógrækt ríkisins og Háskólasetrið á Höfn.



Bláklukka (Campanula rotundifolia), ein af einkennisjurtum Austurlands.

Þakkarorð

Margir lögðu Náttúrustofunni lið við rannsóknir 2003. Fyrir utan starfsmenn stofunnar má nefna: Pál Leifsson, Reimar Ásgeirsson, Sigfús Þorsteinsson, Sigurð Guðjónsson, Skúla Benediktsson, Sævar Guðjónsson og Gunnar Ólafsson. Egilsstaðaútibú átti enn fremur afar ánægjulegt samstarf við Karenu Erlu Erlingsdóttur starfsmann Umhverfisstofnunar svo og Hreindýraráð og sérilagi Hákon Hansson formann þess. Margir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og aðrir veittu Náttúrustofunni upplýsingar um hagagöngu hreindýra. Fjöldamargir taka þátt í hreindýratalningu í mars ár hvert en of langt mál yrði að telja upp þá alla og marga aðra sem lögðu stofunni lið. Öllum sem lögðu stofunni lið er hér með þakkað kærlega fyrir.

Helgi Hallgrímsson, Hálfván Haraldsson, Hjörleifur Guttormsson og Óskar Ágústsson eru sem fyrir velgjörðamenn og sérstakir velunnarar stofunnar.

Skýrslur og fræðsluefni

Árið 2003 vann Náttúrustofan eftirtaldar skýrslur:

54. Hólmanes og Hólmaháls -lífríki og verndargildi svæðisins.
Unnið fyrir Vegagerðina. Desember 2003.
53. Gróðurfar og fuglalíf í fjallinu ofan við Neskaupstað. - Tröllagiljasvæði.
Unnið fyrir Fjarðabyggð. Október 2003.
52. Gróðurfar við veglínu frá Hofi að Steinkoti í Vatnsdal.
Unnið fyrir Vegagerðina í samvinnu við Náttúrustofu Norðurlands vestra. Október 2003.
51. Gróðurathuganir á vegarstæði að fyrirhuguðum jarðgöngum undir
Almannaskarð. Unnið fyrir Vegagerðina. Júlí 2003.
50. Gróðurathuganir á nokkrum svæðum á veglínu frá Vegaskarði að Langadalsá.
Unnið fyrir Vegagerðina. Júlí 2003.
49. Athugun á fuglum með veglínu frá Vegaskarði að Svartfelli norðan Möðrudals 24.
júní 2001. Júní 2003.
48. Vöktun hreindýrastofnsins 2001-2002 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um
veiðikvóta árið 2003. Febrúar 2003.

Auk þessa var upplýsingabæklingur um Fólkvang Neskaupstaðar endurútgefin og nú á íslensku, ensku og þýsku. Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands fyrir 2002 kom einnig út seint á árinu 2003.